



Forspil

Bæn

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín faðir gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammt af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föður náð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartaþeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Lína Sandell-Berg
Sigurbjörn Einarsson

Ritningarlestur

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
∴ Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir mig mun ekkert bresta.∴:

Margrét Scheving
23. Davíðssálmur

Ritningarlestur

Snert hörpu mína himinborna dís,
svo hlusti englar Guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítíl börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjaþyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar Guðs í Paradís.

Atli Heimir Sveinsson
Davíð Stefánsson

Guðspjall

Einsöngur

Minn bátur

Björn Eidsvåg - Halldór Hallgrímsson

Minningarorð

Ó, Guð, þú ert vor skjöldur skjól
er skirrir allri neyð.
Og þú ert vorrar sálar sól
er sífellt ljómar heið.
Þú er í stjarna undra geim
og innst í vorri sál,
og til þín öll vér horfum heim
úr heimsins glaum og villu sveim
og tökum himin höndum tveim
við heilagt lífsins bál

Ó, Drottinn, vak þú yfir oss
á ævi vorrar sæ
og láttu streyma líknar foss
frá lífsins fjöllum æ.
Lát á oss skína eilíft ljós
frá uppsprettunni,
þar sem blómgast kærleiks rauða rós
við röðul fagran lífsins ós
og ómar sætlegt sigurhrós
um sali allsstaðar.

Jakob Jóh. Smári
Þórarinn Guðmundsson

Bæn

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu vera.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
þú vekur hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál
slít sundur dauðans bönd.
svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Mortens

Faðir vor

Smávinir fagrir foldar skart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls sem er,
annastu þennan græna reit.
Blessaðu faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley! sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig.
Hægur er dúr á daggar nótt.
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

Jón Nordal
Jónas Hallgrímsson

Moldun

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ,irst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

P. C. Krossing
Foersom
Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

P. C. Krossing
Matthías Jochumsson

Blessun

Eftirspil

Ísland er land þitt

Magnús Þór Sigmundsson
Margrét Jónsdóttir



Séra Þóra Björg Sigurðardóttir jarðsyngur
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Einsöngur og gítar: Halldór Benjamín Hallgrímsson
Kór: Kammerkór Akraneskkirkju
Bassi: Ingþór Bergmann Þórhallsson
Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

*Aðstandendur þakka samúð og hlýhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni*

Jarðsett verður í Akraneskkirkjugarði



Hörður Jóhannesson



Fæddur 30. desember 1929

Dáinn 20. nóvember 2025

Útför frá Akraneskkirkju
Þriðjudaginn 2. desember 2025